

Reglur um staðbundið vöruúrval

1. gr.

Reglum um staðbundið vöruúrval er ætlað að stuðla að því að vöruúrval hvernar vínbúðar geymi vörutegundir (vörunr.) sem sérstök eftirspurn er eftir í viðkomandi vínbúð en eru ekki hluti af vöruúrvali viðkomandi vínbúðar skv. öðrum reglum.

2. gr.

Staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar skal að jafnaði samanstanda af 20 vörutegundum (vörunr.) að hámarki.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt, tímabundið við sérstakar aðstæður, að láta staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar samanstanda af allt að 30 vörutegundum (vörunr.).

3. gr.

Staðbundið vöruúrval í vínbúðum skal endurskoðað í febrúar, júní og október ár hvert.

4. gr.

Yfirlit yfir staðbundið vöruúrval hvernar vínbúðar, þ.e. vörutegundir (vörunr.), skal birt á vefsvæði ÁTVR.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 27. gr. vöruvalsreglugerðar nr. 1106/2015.

6. gr.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Reykjavík, 3. mars 2016,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir